

# STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 2004

5. janúar 2004

3

Nr. 4

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 705/2003 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á kínakáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg ótilgr.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9003	Kínakál	08.01-30.06.04		0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 5. janúar 2004.*

F. h. r.  
**Ólafur Friðriksson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

6. janúar 2004

Nr. 5

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, Brúarflöt 2.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 25. nóvember 2003, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 1 og 2 í Flatahverfi vegna lóðarinnar nr. 2 við Brúarflöt á Akranesi.

Breytingin felst í að stigahús verða tvö í stað þriggja og ná þau 75 cm út fyrir bindandi byggingarlínu til norðurs.

Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur málið hlotið þá meðferð sem lögin mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 6. janúar 2004.*

**Ólöf Guðný Valdimarsdóttir**, skipulagsfulltrúi Akraness.

## AUGLÝSING

### um óverulega deiliskipulagsbreytingu í Bláskógabyggð.

*Breyting á deiliskipulagi við Einbúa, Laugarvatni, Háholt 2 og 10.*

Í samræmi við 2. mgr. 26. gr. og 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 15. júlí 2003 breytingu á deiliskipulagi við Einbúa á Laugarvatni.

Breytingin felst í því að mænistefnu og byggingarreit húsa á lóðum nr. 2 og 10 við Háholt er snúið um 90° og húsið nr. 2 má vera allt að 2 hæðir.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 4. nóvember 2003 smávægilega breytingu á fyrri breytingu á byggingarreit hússins að Háholti 10 þar sem lóðarmörkum var hnikað lítillaga og sett var inn kvöð um frárennislögn á lóð þar til nauðsynleg viðgerð fer fram.

Grenndarkynning fór fram í báðum tilfellum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 6. janúar 2004.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

**Arinbjörn Vilhjálmsson.**